

Íslandsspil sf.
Samandreginn ársreikningur 2017

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
200 Kópavogi

kt. 671293-2589

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflunarstarfsemi fyrir eigendur félagsins.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 855,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 504,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Eigendur í árslok voru þrír talsins og breyttist fjöldi þeirra ekki árinu. Í árslok skiptust eignarhlutir í félaginu með eftirfarandi hætti:

	Eignarhluti
Rauði krossinn á Íslandi	64,00%
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,50%
SÁÁ	9,50%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandsspila sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 7. maí 2018

Stjórn:

Hrund Snorradóttir
Jón Svanber gHjartarson
Theódór S. Halldórsson
Kristín S. Hjamtýsdóttir
Jóhannes R. Jóhannsson
Guðjón Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Magnús Snæbjörnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Meðfylgjandi samandreginn ársreikningur fyrir Íslandsspil sf. er byggður á ársreikningi félagsins fyrir árið 2017. Með ársreikningnum fylgdi eftirfarandi áritun frá okkur:

Til stjórnar og eigenda Íslandsspila sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandsspila sf. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 7. maí 2018

KPMG ehf.

Auður Þórisdóttir

Rekstrarreikningur árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		1.178.899.116	1.190.660.978
		<u>1.178.899.116</u>	<u>1.190.660.978</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld		192.092.554	193.463.595
Afskriftir	2	141.369.500	122.014.355
		<u>333.462.054</u>	<u>315.477.950</u>
Rekstrarhagnaður		845.437.062	875.183.028
Fjármunatekjur		12.608.777	8.562.348
Fjármagnsgjöld		(2.460.288)	(2.674.951)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>10.148.489</u>	<u>5.887.397</u>
Hagnaður ársins		855.585.551	881.070.425

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Söfnunarkassar		329.177.267	411.570.883
Fasteign		18.424.165	19.094.963
Áhöld og tæki		2.172.161	1.792.099
Bifreiðar		12.805.895	11.581.951
	2	<u>362.579.488</u>	<u>444.039.896</u>
Aðrar eignir:			
Sjóðir eftirlits- og umboðsmanna		2.830.000	2.830.000
Varasjóður		64.153.138	57.099.087
		<u>66.983.138</u>	<u>59.929.087</u>
Fastafjármunir samtals		<u>429.562.626</u>	<u>503.968.983</u>
Veltufjármunir			
Kröfur vegna söfnunarkassa		34.960.545	35.793.017
Aðrar skammtímafröfur		51.300.931	45.265.418
Fjárfestingarsjóður		98.276.381	65.082.837
Handbært fé		48.501.817	76.161.165
Veltufjármunir samtals		<u>233.039.674</u>	<u>222.302.437</u>
Eignir samtals		<u>662.602.300</u>	<u>726.271.420</u>
Eigið fé			
Höfuðstóll	4	504.952.553	564.767.002
Eigið fé samtals		<u>504.952.553</u>	<u>564.767.002</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	5	2.444.366	3.478.212
Langtímaskuldir samtals		<u>2.444.366</u>	<u>3.478.212</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við eigendur		90.000.000	100.000.000
Næsta árs afborganir af langtímalánum		1.222.183	1.159.405
Ógreidd umboðslaun		24.894.443	19.025.594
Aðrar skammtímaskuldir		39.088.755	37.841.207
Skammtímaskuldir samtals		<u>155.205.381</u>	<u>158.026.206</u>
Skuldir samtals		<u>157.649.747</u>	<u>161.504.418</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>662.602.300</u>	<u>726.271.420</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		855.585.551	881.070.425
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
(Söluhagnaður) -tap rekstrarfjármuna	(398.000)	(156.896)
Afskriftir	2	141.369.500	122.014.355
Verðbætur langtímalána		71.258	105.106
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af sjóðum	(5.647.595)	(2.072.284)
Veltufé frá rekstri		990.980.714	1.000.960.706
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun	(5.203.041)	(45.158.130)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(11.221.436)	(62.538.993)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(16.424.477)	(107.697.123)
Handbært fé frá rekstri		974.556.237	893.263.583
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	2	(41.873.259)	(6.308.307)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		700.000	3.150.000
Lagt í fjárfestingarsjóð	(30.000.000)	(65.000.000)
Lagt í varasjóð á árinu	(4.600.000)	(4.400.000)
Fjárfestingarhreyfingar	(75.773.259)	(72.558.307)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiðslur til eigenda	(925.400.000)	(843.260.000)
Afborganir langtímalána	(1.042.326)	(949.734)
Fjármögnunarhreyfingar	(926.442.326)	(844.209.734)
Hækkun á handbæru fé			
	(27.659.348)	(23.504.458)
Handbært fé í ársbyrjun			
		76.161.165	99.665.623
Handbært fé í lok ársins			
		48.501.817	76.161.165
Hreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fastafjármunir		18.337.833	(20.222.160)
Skammtímaskuldir	(18.337.833)	20.222.160

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Söfnunarkassar	6-7 ár
Fasteign	50 ár
Innréttingar	6-7 ár
Áhöld og tæki	5 ár
Bifreiðar	6-7 ár

c. Skammtímakröfur

Kröfur vegna söfnunarkassa eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 453 þús. kr. vegna afskrifaðra krafna og breytingar á niðurfærslu. Niðurfærslan, sem nam í árslok 3,7 millj. kr., er dregin frá kröfunum í efnahagsreikningi.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2016 ..	1.548.630.206	33.539.898	9.138.363	18.098.584	1.609.407.051
Keypt á árinu	20.222.160	0	0	6.308.307	26.530.467
Selt á árinu	0	0	0	(6.139.700)	(6.139.700)
Heildarverð 1.1.2017 ..	1.568.852.366	33.539.898	9.138.363	18.267.191	1.629.797.818
Fært út á árinu	(408.591.892)				(408.591.892)
Keypt á árinu	55.162.115	0	752.614	4.296.363	60.211.092
Selt á árinu	0	0	0	(3.020.000)	(3.020.000)
Heildarverð 31.12.2017	1.215.422.589	33.539.898	9.890.977	19.543.554	1.278.397.018

Skýringar, frh.:

2. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig, frh.:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Afskrifað 1.1.2016	1.037.916.551	13.774.137	7.023.887	8.175.588	1.066.890.163
Afskrift færð út	0	0	0	(3.146.596)	(3.146.596)
Afskrifað á árinu	119.364.932	670.798	322.377	1.656.248	122.014.355
Afskrifað 1.1.2017	1.157.281.483	14.444.935	7.346.264	6.685.240	1.185.757.922
Afskrift færð út	(408.591.892)	0	0	(2.718.000)	(411.309.892)
Afskrifað á árinu	137.555.731	670.798	372.552	2.770.419	141.369.500
Afskrifað samtals 31.12.2017	886.245.322	15.115.733	7.718.816	6.737.659	915.817.530
Bókfært verð 1.1.2016	510.713.655	19.765.761	2.114.476	9.922.996	542.516.888
Bókfært verð 31.12.201	411.570.883	19.094.963	1.792.099	11.581.951	444.039.896
Bókfært verð 31.12.201	329.177.267	18.424.165	2.172.161	12.805.895	362.579.488
Afskriftahlutföll	15%	2%	15-20%	15%	

3. Fasteignamat og váttryggingarverð

Fasteignamat fasteignar nam 125,2 millj. kr. í árslok og brunabótamat 140,6 millj.kr. Váttryggingarverðmæti bifreiða, áhald og tækja nam 973,7 millj. kr. í árslok 2017.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2017	2016
Eigið fé í ársbyrjun	564.767.002	559.296.577
Ráðstafað til eigenda	(915.400.000)	(875.600.000)
Hagnaður ársins	855.585.551	881.070.425
Eigið fé í árslok	504.952.553	564.767.002

Ráðstöfunartekjum er skipt á milli eigenda samkvæmt samkomulagi þeirra á milli eftir að tekið hefur verið tillit til fjárhæðar sem lögð er í varasjóð. Skiptingin var eins og hér segir:

	2017	
Rauði krossinn á Íslandi	64,0%	585.856.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,5%	242.581.000
SÁÁ	9,5%	86.963.000
	100,0%	915.400.000
	2016	
Rauði krossinn á Íslandi	64,0%	560.384.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg	26,5%	232.034.000
SÁÁ	9,5%	83.182.000
	100,0%	875.600.000

Skýringar, frh.:

5. Langtímaskuldir

Verðtryggð langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vaxtakjör	2017	2016
Stafir lífeyrissjóður	Skuldabréf	7,50%	3.666.549	4.637.617
Næsta árs afborganir			(1.222.183)	(1.159.405)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi			<u>2.444.366</u>	<u>3.478.212</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	1.222.183
Árið 2019	1.222.183
Árið 2020	1.222.183
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>3.666.549</u>